

Brjef landshöfðingja til biskupsins yfir Íslandi um bráðabirgðaruppbót til fátækra brauða. — Samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í þóknanlegu brjefi, 6. marz. dagsettu 26. f. m., skal þeim 4000 kr., sem með 13. gr. A b. 2. í fjárlögunum eru veittar fyrir árið 1883 til bráðabirgðar-uppbótar fátækum brauðum, skipt þannig, að prestaköll þau, er nú skal greina, fái þá uppbót, sem til færð er við hvert þeirra:

1. Skeggjastaðir	100 kr.
2. Desjarmýri	100 —
3. Kálfafellsstaður	200 —
4. Sandfell	400 —
5. Kálfholt	150 —
6. Efri-Holtaping	100 —
7. Staður í Grindavík	200 —
8. Hestsþing	100 —
9. Hvammur í Norðurárdal	100 —
10. Saudlauksdalur	100 —
11. Staður í Aðalvík	400 —
12. Staður í Grunnavík	200 —
13. Tröllatunga	150 —
14. Tjörn á Vatnsnesi	100 —
15. Hvammur og Keta	200 —
16. Fell	200 —
17. Goðdalir	100 —
18. Helgastaðir	100 —
19. Miðgarðar í Grimsey	100 —
20. Hvanneyri	200 —
21. Kvíabekkur	200 —
22. Þönglabakki	300 —
23. Lundarbrekka	200 —
	<hr/>
	4000 —

Þetta er hjer með þjónustusamlega kunngjört yðar háæruverðugheitum til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigendum, og skal jeg um útborgun þessara uppbóta vísa til ráðgjafabrjefs 11. nóvember 1881 (B 161).

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um skaðabótakröfur vesturfara. — Með þóknanlegu brjefi 20. desember f. á. hafið þjer, herra 8. marz. amtmaður, sent mjer kæruskjöl frá nokkrum vesturförum, sumpart af Seyðisfirði og Vopnafirði, sumpart af Akureyri, út af því, að samningar þeir, er gjörðir höfðu verið við þá af hálfu Allanfjælgagsins um flutning þeirra í sumar er leið til Vesturheims, hafi ekki verið haldnir við þá að því leyti, að skip það, er átti að flytja þá, hafi ekki komið á tilteknum tíma, svo að þeir hafi orðið að bíða ferðbúnir, sjer til stórskaða, og hafið þjer lagt málefni þetta undir úrskurð landshöfðingjans.

Eptir að jeg hefi gefið útflutningsstjóra Allanfjælgagsins hjer í bænum, Sigfúsi ljósmyndara Eymundarsyni, færi á að koma fram með tilsvor sitt viðvíkjandi umræddum skaðabótakröfum, og jafnframt og þess skal getið, að frá vesturförum þeim, sem fluttir voru frá Seyðisfirði og Vopnafirði, hefur engin formleg kæra nje skaðabótakrafa komið, 3 dag aprilmánaðar 1883.

34 vil eg tjá yður, herra amtmaður, yður til leiðbeiningar og til þess að þjer birtið það, að
8. marz. jeg eptir upplýsingum þeim, sem fram eru komnar í málinu, og eptir því sem alkunnugt er um hafis og veðráttufar hjer við land á síðastliðnu sumri, ekki finn ástæðu til að taka framannefndar skaðabótakröfur til greina.

35 Brjef landshöfðingja til póstmeistarans í Reykjavík um skaðabótakröfu fyrir
8. marz. skemmdir á póstsendingu. — Með þóknanlegu brjefi 21. f. m. hafið þjer, herra póstmeistari, sent mjer skýrslur viðvíkjandi erindi frá Jóni landritara Jónssyni, þar sem hann fyrir hönd Skapta Jósefssonar á Akureyri krefst skaðabóta fyrir skemmdir á böggulsendingu, er skilað var á póststofuna á Akureyri 13. júlí f. á., með tilgreindri verðupphæð, 400 kr., og hafið þjer jafnframt skýrt mjer frá álití yðar um málið. Af skýrslum þeim, sem þannig eru fram komnar, sjest, að í umræddri böggulsendingu voru dómsgjörðir í máli, sem áfrýjað var til yfirdómsins, og að hið tilgreinda verð á böggulsendingunni og ábyrgð sú, sem keypt var fyrir hana, eingöngu snerti dómsgjörðir þessar, en að þar að auki höfðu verið látnar innan í böggulsendinguna 40 kr. í mótuðum peningum, mestallt ef ekki allt í silfri, sem ekki var sagt til á pósthúsinu, þá er sendingunni var skilað. Um sendinguna var svo búíð, að utanum hana var einungis almennur umbúðapappír, haldinn saman með lakki, en engu bundið utanum hana, og þegar sendingin kom á pósthúsið hjer í bænum, höfðu umbúðirnar nuddast sundur, og skjöl þau, sem innan í þeim voru, einnig nuddast, einkum á hornunum, þó ekki að yðar ætlun meira en svo, að þau að mestu leyti mundu hafa verið læsileg.

Af því, sem þannig er framkomið, virðist líklegast, að skemmdir þær, sem orðið hafa á umræddri póstsendingu, hafi orsakast af því, að innani hana voru látnir mótadir peningar, sem með þunga sínum hafa orsakað, að umbúðir sendingarinnar hafa rifnað við hristinginn í póstkoffortunum, og með því að sá, sem skaðabótanna krefst, hefir brotið á móti póstlögnum bæði með því að segja ekki til að mótaðir peningar væru í póstsendingunni, og með því að búa ekki um hana svo sem fyrir er mælt í auglýsingu 3. maí 1872, 13. gr., þá fæ jeg ekki betur sjeð, en að hann samkvæmt tilskipun um póstmál á Íslandi 26. febrúar 1872, 13. gr., hafi fyrirgjört öllum rjetti til skaðabóta, og get jeg því ekki tekið þar að lútandi kröfu hans til greina.

Þetta skal yður hjer með til vitundar gefið, herra póstmeistari, yður til leiðbeiningar, og til þess að þjer birtið það hlutaðeigendum.